

Ed. 509. Frumvarp til laga [274. mál]
um verðbreytingar í verk- og kaupsamningum.

Flm.: Stefán Benediktsson.

1. gr.

Heimilt er að breyta umsömdu verði í þjónustu-, verk- eða kaupsamningi ef breytingar verða á kostnaði vegna efnis eða launa sem til þarf á framkvæmdartíma samnings eða hluta hans.

2. gr.

Til verðbreytinga skal nota reiknireglu er viðskiptaráðuneytið gefur út á grundvelli viðauka við „almenna skilmála um sölu og uppsetningu á tækja- og vélbúnaði til innflutnings og útflutnings, nr. 188 A“, sem saminn var á vegum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu í Genf í mars 1957.

3. gr.

Í þjónustu-, verk- eða kaupsamningum með breytanlegu verði skal taka greinilega fram hvaða verð eða vísitölu skuli nota við reikningsgerð vegna samningsins eða hluta hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samningar með breytanlegu verði eiga að tryggja að aðilar samnings skaðist hvorki né hagnist óeðlilega á því ef breytingar verða á kostnaði vegna efnis og launa á samningstíma.

Siðferðilegur grunnur samninga um kaup á þjónustu, verki eða vöru er að samningsaðilar inna af hendi gagnkvæmar skyldur. Auðvitað reynir hvor aðili um sig að draga úr sinni áhættu og þannig takast menn á um magn, gæði og verð þess sem um ræðir hverju sinni með hliðsjón af leikreglum. Vextir eða verðbætur eru þættir sem snerta framboð og eftirspurn á almennum fjármagnsmarkaði. Í slíkum samningum nota menn markaðsvexti, þegar um vaxtatöku er að ræða, til að skapa ekki óeðlilegan fjármagnskostnað og reyna enn fremur að stuðla að verðmyndun með þeim verðbreytingum einum í samningum sem eiga sér hliðstæðu í verðmætasköpun. Framreiknaðar greiðslur með verðbótum eiga ekki að vera hærrí upphæð en umsamið verð á samningsdegi framreiknað til afhendingardags. Annars er verið að gefa út ávísanir á fölsk verðmæti.

Verktaki leggur ekki út höfuðstól fjárfestingar í upphafi verksins heldur dreifist útlögn höfuðstólsins á framkvæmdartímamann. Verkkaupa ber engin siðferðileg skylda til að verðtryggja krónur verktakans fyrr en þær hafa verið lagðar út í vöru eða vinnu. Á meðan krónurnar eru enn í vasa verktakans er það á hans ábyrgð að tryggja verðgildi þeirra.

Samningar með breytanlegu verði hafa verið tíðkaðir hér á landi allengi. Samið hefur verið um aðferðir og grundvöll verðbreytinga hverju sinni en algengast er að notuð sé svokölluð línuleg verðbreyting skv. vísitölu. Þó má geta þess að Vegagerð ríkisins notar þrep við breytingar á kostnaði efnis og vinnu í samningum með breytanlegu verði. Staðreynd er að verð á vöru eða vinnu breytist ekki línulega heldur í þrepum, þ.e. verð er óbreytt í ákveðinn tíma fyrir og eftir að það breytist. Þessa staðreynd virða menn ekki þegar notuð er línuleg breyting vísitölu. Það stríðir einnig gegn skynsemi að nota fullan mismun, sem orðið hefur frá umsömdu verði eða vísitölu, til verðbreytinga á útlögðum kostnaði á þeim framkvæmdartíma sem reikningur er gerður fyrir. Aðalatriði er þó að samningurinn stuðli ekki að óeðlilegri verðmyndun og að samningsaðilar standi jafnir eftir að gert hefur verið upp. Því ber að miða að því að verkkaupi tryggi verðgildi útlagðs kostnaðar verktaka gegn fallandi gengi krónu aðeins frá þeim tíma sem kostnaðurinn er lagður út en ekki í lengri tíma.

Frumvarp þetta snýst um það að aðilar, sem inna af hendi gagnkvæmar skyldur í þjónustu-, verk- eða kaupsamningum, deili með sér þeim breytingum sem verða á kostnaði vegna efnis og launa á samningstíma til þess að ekki skapist óeðlileg áhrif á framboð og eftirspurn á peningamarkaði. Þetta fyrirkomulag eykur aðhald hjá báðum samningsaðilum við fullnustu samningsins. Með þessu fyrirkomulagi yrði komið í veg fyrir að samningsaðilar notuðu línulega vísitölu — eins og það hefur verið nefnt að reikna „dagvísitölu“ á tímabilum milli formlegra vísitölubreytinga. Einnig yrði komið í veg fyrir að menn notuðu fullan mismun verðbreytinga til verðbóta og gerðu þannig annan aðilann, þ.e. verkkaupann, einan ábyrgan fyrir verðtryggingu peninga verktakans. Í stað þess yrði verðbreyting (Vbr) reiknuð með því að margfalda umsamið verð (Sv) með mismun meðaltals þeirra vísitalna eða verðs sem fyrir hendi var á því samningstímabili, sem gert er upp fyrir (Mv), og vísitölu eða verðs á tilboðsdegi (Gv) deilt með vísitölu eða verði tilboðsdags:

$$Vbr = \frac{Mv - Gv}{Gv} \times Sv$$

Notkun fulls mismunar felst aftur á móti í því að taka samningsverð og margfalda það með vísitölu uppgjörsdags og deila í þá upphæð með vísitölu samningsdags. Algengt er að þeir, sem mæla með framangreindri uppgjörsaðferð, segi að ef umsamið verð jafngilti t.d. ákveðnum lítrum mjólkur á samningsdegi verði að vera hægt að fá jafnmarga lítra fyrir peningana við uppgjör. Í þessari uppgjörsaðferð og í röksemdum fyrir henni er horft fram hjá þeirri spurningu hvort varan eða verðið, sem samið var um í upphafi, skilar sömu mjólkurlítrum ef hún er seld eða metin. Mikilvægara er þó að hér er litið fram hjá því að verktaki leggur ekki allar krónurnar út í einu og gengistapi hans er því dreift á framkvæmdartímann og það er því á hans ábyrgð að verðtryggja sínar krónur þar til hann leggur þær út fyrir verkkaupa. Þess vegna er nauðsynlegt að beita þeim aðferðum við uppgjör sem tryggja aðeins útlagðan kostnað fyrir breytingum á gengi krónunnar frá þeim tíma sem hann er lagður út.

Dæmi: Vísitala var 100 á tilboðsdegi. Verðið var 1000. Á framkvæmdartíma þess verkhluta, sem gert er upp fyrir, voru útgefnar vísitölur 140, 145 og 160. Þá er verðbreytingin skv. framangreindu:

$$V_{br} = \frac{\frac{140+145+160}{3} - 100}{100} \times 1000$$

$$V_{br} = \frac{148,33 - 100}{100} \times 1000$$

$$V_{br} = 0,4833 \times 1000 = 483,3$$

Ef notaður er fullur mismunur og gert upp þegar vísitalan er 160 liti dæmið hins vegar þannig út:

$$V_{br} = \left(\frac{160}{100} - 1 \right) \times 1000 = 600$$

Í fyrra dæminu fær verktakinn 80% verðbótanna og verkkaupinn 20% en í seinna tilvikinu fær verktakinn 100% verðbótanna en verkkaupinn ekkert. Það þýðir að annar aðilinn fær fulla tryggingu sinna peninga en hinn ekki.

Hvers vegna á að setja lög og reglur um einstök atriði frjálsra samninga? Hér er um að ræða atriði sem snertir hagstjórn. Verðbreytingar verða að eiga sér hliðstæðu í verðmæta-sköpun, annars verður ekki samsvörun í peningamagni og verðmætum sem peningarnir eru ávísun á.

Þessu má lýsa með því að tvær sams konar verksmiðjur eru settar upp samtímis. Verðbreytingar eru ofreiknaðar við uppgjör verksamnings annarrar. Samkeppnisaðstaða dýrari verksmiðjunnar er rýrð sem nemur mismun á stofnkostnaði þeirra. Ef þessar verksmiðjur eru ekki í sama landi verður samkeppnisaðstaða dýrari verksmiðjunnar ekki jöfnuð aðstöðu hinnar nema með aukinni fjárfestingu í hagræðingu, lægri launum starfsfólks eða gengislækkun gjaldmiðils viðkomandi lands.

Erlendis nota menn í samningum með breytanlegu verði bókun 188 A sem grundvöll að útreikningi verðbreytinga eða skyldar reiknireglur í grundvallaratriðum. Hér á landi hafa menn notað reikniáferðir sem gefa hærri verðbætur en skv. bókun 188 A að öðru óbreyttu. Þetta þýðir að stofnkostnaður íslenskra framleiðslutækja er meiri en stofnkostnaður sambærilegra framleiðslutækja erlendis.

Það er þarflaust að útmála hvaða áhrif þetta hefur, og hefur haft, á samkeppnisstöðu okkar á alþjóðamarkaði. Er ekki hér að leita einnar alvarlegrar orsakar verðbólgu á Íslandi sem nauðsyn er að stemma stigu við?

Fylgiskjal I.

Hér eru sýnd tvö dæmi um verðbótageiðslur í uppgjöri. Dæmi A lýsir uppgjöri skv. bókun 188 A. Dæmi B lýsir uppgjöri skv. þeim aðferðum sem Innkaupastofnun ríkisins notar.

Í báðum dæmum er gengið út frá sama grunnverði, sama framkvæmdartíma, sömu innborgunum og sama uppgjörssdegi.

Enn fremur eru þessi dæmi skýrð með súluriti.


Dæmi A.

Byggingar- vísitala	Dags. innborgunar	Grunnverð og innborganir	188 A mv-gv gv	Greiddar verðbætur (kr.)	Innborganir og verðbætur á verðlagi 15.11.81 (kr.) (kr.)	
626	01.01.81	750 000				
innb.	15.02.81	187 500	0,00	0	242 911	0
682	01.04.81	562 500				
innb.	15.05.81	187 500	4,47	8 381	222 966	9 966
739	01.07.81	375 000				
innb.	15.08.81	187 000	13,49	25 143	205 768	27 592
811	01.10.81	187 500				
innb.	15.11.81	187 500	23,80	44 625	187 500	44 125
	15.11.81	971 645			859 145	82 183
					941 328	
				- 30 317	Jákv. fjárf. mism. 15.11.81	
01.10.1985		4 057 500		-126 800	Jákv. fjárf. mism. 01.10.85	

Dæmi B.

Byggingar- vísitala	Dags. innborgunar	Grunnverð og innborganir (kr.)	Hækkun í %	Greiddar verðbætur (kr.)	Innborganir og verðbætur á verðlagi 15.11.81 (kr.) (kr.)	
626	01.01.81	750 000				
innb.	15.02.81	187 500	4,47	8 381	242 911	10 857
682	01.04.81	562 500				
innb.	15.05.81	187 500	13,49	25 143	222 966	30 078
739	01.07.81	375 000				
innb.	15.08.81	187 000	23,80	44 625	205 768	48 973
811	01.10.81	187 500				
innb.	15.11.81	187 500	37,37	70 069	187 500	70 069
	15.11.81	971 645			859 145	159 977
					1 019 122	
				+ 47 477	Ofgreiddur mism. 15.11.81	
01.10.1985		4 057 500		+198 572	Ofgreiddur mism. 01.10.85	

Samanburður verðbótagreiðslna:



Fylgiskjal II.

Viðauki við „almenna skilmála, 188 A“.

H.T. 21. nóv. 1985

Þýðing úr ensku

**VIÐBÓTARÁKVÆÐI
VERÐBREYTINGAR**

ALMENNIR SKILMÁLAR 188 A
um sölu og uppsetningu á
tækja- og vélbúnaði til
innflutnings og útflutnings Nr. 188 A

Samdir á vegum Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, Genf, mars 1957

Ef einhver breyting verður á kostnaði vegna efnis og/eða launa, sem til þarf, á framkvæmdatíma samningsins, skal hið umsanda verð sæta breytingu á grundvelli eftirfarandi formúlu:

$$P1 = \frac{Po}{100} \left(a + b \frac{M1}{M0} + c \frac{S1}{S0} \right)$$

þar sem:

P1 = endanlegt verð til reikningsgerðar.

Po = upphaflegt vöruverð, eins og það er sett upp í samningnum og eins og það gildir hinn (tilgreinið dag) _____ (1)

M1 = meðaltalið (2) af verðum (eða verðvísitölum) fyrir (efnistegund sem um er að ræða) _____ á tímabilinu _____ (3)

M0 = verð (eða verðvísitölur) fyrir sama efni á þeim degi, sem tilgreindur er að ofan fyrir Po.

S1 = meðaltalið (2) af launum (að meðtöldum launatengdum gjöldum) eða viðeigandi vísitölum (4) vegna _____ (tilgreinið flokka starfsliðs og launatengd gjöld) fyrir tímabilið _____ (3)

S0 = laun (að meðtöldum launatengdum gjöldum) eða viðeigandi vísitölur (4) vegna sömu flokka á þeim degi, sem tilgreindur er að ofan fyrir Po.

a, b, c tákna tilgreind umsamin hundraðshlutagildi hinna einstöku þátta upphaflega verðsins, er nema 100 samanlagt. (a + b + c = 100)

a = fast hlutfall (óháð verðbreytingum) = _____

b = hundraðstöluhlutfall efnis = _____

c = hundraðstöluhlutfall launa (að meðtöldum launatengdum gjöldum) = _____

Þar sem nauðsynlegt er má sundurliða b (og c, ef við þarf) í jafnmörg hundraðshlutagildi (b1, b2, b3 _____) og fjölda þeirra breytilegu þátta, sem tillit er tekið til (b1 + b2 _____ + bn = b).

Gagnafærsla. Til þess að ákvarða verðgildi efnis og launa eru aðilar sammála um að nota eftirfarandi gögn sem viðmiðunarheimildir:

1. Efni: verð _____ (tegundir efnis)

(eða verðvísitölur)

birt af hálfu _____

undir fyrirsögnunum _____

2. Laun: laun (að meðtöldum tilheyrandi launatengdum gjöldum)

(eða viðeigandi vísitölur)

birt af hálfu _____

undir fyrirsögnunum _____ (5)

Reglur um beitingu ákvæðisins. Ef um er að ræða afhendingar að hluta, sem reikningur er gerður fyrir sérstaklega, skal reikna hið endanlega verð sérstaklega vegna hvernar afhendingar.

Gildistími ákvæðisins. Verðbreytingarákvæðið skal taka yfir það afhendingartímabil, sem ákveðið er í samningnum, ásamt sérhverri framlengingu, sem veitt er samkvæmt málsgrein 20.2, en skal í engu tilviki eiga við eftir þann dag að verkinu er lokið.

Vikamörk. Verðum skal ekki breyta nema útreikningur samkvæmt formúlunni sýni frávik sem nemur plús eða mínus _____ (6)

Úrbótafyrirvari. Ef aðilarnir óska að lagfæra verðbreytingarformúluna eða beita annarri nákvæmari aðferð í hennar stað, þegar frávik í plús eða mínus fer fram úr tilteknu hundraðshlutagildi, ber þeim að semja gagnert um það.

(1) Mælt er með því að aðilarnir ákveði, eftir því sem við verður komið, að nota sem hið upphaflega vöruverð það verð, sem í gildi er á samningsgerðardegi, en ekki einhvern fyrri dag. Er þetta yfirleitt samningsverðið að frádregnum kostnaði við pökkun, flutning og váttryggingu.

(2) Einfalt eða vengið meðaltal.

(3) Tilgreinið viðmiðunartímabilið, er skilgreina má sem hluta af afhendingartímanum eða hann allan.

(4) Ef lögbundin launatengd gjöld eru þáttur í vísitölunni þarf ekki að taka tillit til þeirra aftur.

(5) Nota ætti vísitölur, sem beinlínis eru tengdar véla- og rafiðnaði, eftir því sem við verður komið.

(6) Tilgreinið það hundraðshlutagildi í plús eða mínus, sem fara verður fram úr áður en formúlunni sé beitt.